

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu í Ísafjarðarbæ.

#### 1. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar er heimilt að leggja á sérstakt gjald vegna sorphirðu (sorphreinsunar og sorpeyðingar) í Ísafjarðarbæ.

#### 2. gr.

Gjaldið er árlega sem hér greinir:

A) Íbúðir, íbúðarhúsnæði:	Sorphreinsigjald	kr.	13.800 á íbúð
	Sorpeyðingargjald	kr.	24.000 á íbúð
	Sorphirðugjöld alls	kr.	37.800 á íbúð

Sumarbústaðir og íbúðarhúsnæði með ákvæði um takmörkun á íveru vegna snjóflóðahættu: Sorpeyðingargjald kr. 9.700 á fasteign.

Gjaldið skal innheimta með fasteignagjöldum.

B) Fyrirtæki, stofnanir, félag og aðrir lögaðilar:

Flokkur	Sorpeyðingargjald kr.
1	15.400
2	30.800
3	61.600
4	123.200
5	184.800
6	308.000
7	431.200
8	708.400
9	1.078.000
10	1.416.800
11	24 kr./kíló

Aðilar skulu sjálfir sjá um að koma úrgangi á móttökustað. Gjaldið innheimtist með fasteignagjöldum hjá þeim aðilum sem eiga fasteignir. Fyrir aðra greiðendur verður gefinn út sérstakur reikningur í byrjun árs, með sömu gjalddögum og fasteignagjöld.

Dráttarvextir reiknast 30 dögum eftir gjalddaga.

#### 3. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar setur sérstaka gjaldskrá fyrir þjónustu FUNA sem veitt er aðilum utan marka kaupstaðarins. Ef aðili er með rekstur bæði innan og utan marka bæjarfélagsins skal greiða sérstaklega fyrir förgun sorps frá þeim hluta starfseminnar sem staðsett er utan Ísafjarðarbæjar. Fyrir förgun brotajárns skal greiða sérstaklega 5 kr. fyrir hvert kíló. Fyrir förgun óbrennanlegs sorps skal greiða sérstaklega 20 kr. fyrir hvert kíló. Fyrir förgun brennanlegs sorps skal greiða sérstaklega 30 kr. fyrir hvert kíló. Fyrir förgun olíumengaðs jarðvegs skal greiða sérstaklega 6.000 kr. fyrir hvert tonn. Aðilar skulu sjálfir sjá um að koma brotajárni á móttökustað í FUNA. Öll verð eru án virðisaukaskatts.

Heimilt er að innheimta fyrir urðun á rækjuskel og öðrum stoðgrindum hryggleysingja sem svarar áætluðum urðunarkostnaði sem bæjarstjórn hefur samþykkt.

#### 4. gr.

Að lokinni álagningu gjalda, samkvæmt B-lið 2. gr., gefst greiðendum 30 daga frestur til að gera athugasemdir við gjalddöku bæjarstjórnar. Ósk um breytingu gjalda skal vera skrifleg og vel rökstudd og er bæjarstjórn heimilt að breyta gjalddöku með tilliti til réttmæti framsettra athugasemda.

5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, er sett samkvæmt samþykkt fyrir sorphirðu hjá Ísafjarðarbæ, nr. 135/2000 og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi þegar í stað. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir sorphirðu í Ísafjarðarbæ nr. 1323/2007.

*Ísafjarðarbæ, 5. febrúar 2009.*

**Halldór Halldórsson** bæjarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 27. febrúar 2009